



STARFSMAFFÉLAG REYKJAVÍKURBORGAR

FRETTABRÉF

5. tbl. 43. árg. des. 2008

Gledileg jól & farsælt komandi ár

Leiðari



Sigurvegari

Sigurvegari hugsar jákvætt og jafnvel þótt hann nái ekki markmiðum sínum þá rís hann upp, skodar hvað aflögu fór, lærir af því og leiðréttir. Heldur síðan ótraudur áfram með hugarfari sigurvegarans. Hugarfar sigurvegarans er jákvæðni. Það tryggir ekki sigur, en hugarfar þess sem hefur allt á hornum sér, talar allt niður, telur allt tapað, það tryggir aftur á móti tapið.

Þetta þarf þjóðin að hafa í huga þegar hún horfir til framtíðar.

Þetta þýðir ekki að allt sé fyrirgefið, en það þýðir að það má ekki tengja refsingu fyrir glæp og mistök við framtíðaráform. Það er uppgjör vegna fortíðar og kemur framtíð ekki við, nema sem lærdómur.

Á þessum nótum þurfum við að hefja nýja vegferð og þurfum að taka allt undir í nýrri þjóðarsátt. Þar sem er sem minnst af sértækum aðgerðum, ekki þar sem einhverjar

nefndir eru að skoða hverjum á að bjarga og hverjum ekki. Heldur heildstætt þar sem allt er tekið til endurskoðunar m.a. kjarumhverfi og fjármögnun heimilanna og skuldsetning.

Að fortíð skal hyggja:

Undanfarna áratugi hefur samfélagið verið í einkavæðingarham. Frjáls-hyggjan var notuð til þess að teyma okkur þangað. Við höfum lifað við þá fullyrðingu að opinber þjónusta á öllum sviðum sé betri í höndum einkaaðila, en að hið opinbera megi greiða fyrir hana. Þar sem markaðurinn mundi finna hina réttu leið með ódýrari hætti heldur en opinber fyrirtæki. Rökin voru að græðgin væri það hreyfiafl sem best væri til þess fallin að skapa verðmæti úr þessum fyrirtækjum. Ekki mátti hrófla við eða andæfa þessu góða afli. Því þetta væri það afl sem myndi drífa samfélagið áfram. Þar sem rétturinn til þess að græða var æðsta boðorðið, ekki rétturinn til vinnu eða rétturinn til mannsæmandi lífs. Ekkert mátti hindra þennan mikilvæga drifkraft. Á þessum forsendum voru mörg fyrirtæki ríkis og sveitafélaga einkavædd og síðan seld. Margir voru tilbúnir til þess að gína yfir þessum verðmætum. Græðgisliðið sá að í þeim væru falin verðmæti, sem ætti að setja á markað og braska með. Þetta sáu margir fyrir og vörðu við því en fengu bágt fyrir. Sagðir afturhald og forneskjur. En jafnvel þeir sáu ekki fyrir hve miklar skuldbindingar þessir aðilar gátu sett

okkur í, það gerði enginn sér grein fyrir því nema ef vera skyldu þeir sem næst stóðu.

Þar sem það er viðurkennt að hið opinbera þurfi að hafa umsjón með, þá skuli gera það að opinberu hlutfélagi (ohf), sett í samvinnurekstur, sameignarfyrirtæki (sf) o.s.frv.. Koma því frá kjörnum fulltrúum þjóðarinnar og opinna umræðu, því þá sé hægt að búa til eðlilegt rekstrarumhverfi og ástunda launaleynd sem og aðra leynd.

Þessi sjónarmið hafa beðið hnekki og ég held að þjóðin sé að átta sig á því þessa dagana, að markmiðið er betra samfélag fyrir heildina, mannsæmandi líf, vinna og húsnæði fyrir alla. Við viljum gott umhverfi atvinnurekstrar svo uppfylla megi þessi markmið. Þetta lærdómsferli stendur nú yfir.

Okkar umhverfi:

Í þessu umhverfi höfum við verið að gera kjarasamninga við flesta viðsemjendur okkar. Þeir hafa verið gerðir með það í huga að launasetning félaga okkar, sem á þessum samningum eru, verði jafnsettir og aðrir sem hafa verið að gera kjarasamninga á árinu.

Í þessu umhverfi er borgarstjóri að lofa starfsfólki borgarinnar að ekki verði uppsagnir og að ekki verði skert þjónusta.

En það er umhugsunarefni að á meðan kröfur um þjónustu í þessu ástandi aukast þá heyrast það að ekki verði ráðið í stöður sem losna. Að reynt sé að fá fólk til þess að minnka hjá sér starfshlutfall og að dregið

Fréttabréf

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

Útgefandi:

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar

Grettisgötu 89

105 Reykjavík

Sími: 525 8330 Fax: 525 8339

strv@bsrb.is

www.strv.is

Ábyrgðarmaður: Garðar Hilmarsson

Ritstjóri: Jakobína Þórðardóttir

Ritnefnd: Ragnhildur Helgadóttir, Jón Ingi

Hilmarsson og Dagný Guðmundsdóttir

Umbrot: Hjá OSS ehf.

Prófarkalestur.: Gunnar Ingi Jónsson

Hönnun: PJE ERR

Prentumsjón: Hjá OSS ehf.

Mynd forsíðu: Olgeir Skúli Sverrisson

Aðrar myndir: Þorleifur Óskarsson og fl.

Starfsmenn skrifstofu St.Rv.:

Ása Clausen fjármálastjóri

Garðar Hilmarsson formaður

Gunnar Ingi Jónsson verkefnisstj.

Halldór Gunnarsson verkefnisstjóri

Jakobína Þórðardóttir framkv.stjóri

Lára Júlíusdóttir þjónustufulltrúi

Oddný Valgeirsdóttir þjónustufulltrúi

asaclausen@strv.bsrb.is

gardar@strv.bsrb.is

gunnaringi@strv.bsrb.is

halldor@strv.bsrb.is

jakobina@strv.bsrb.is

lara@strv.bsrb.is

stak@aknet.is

Stjórn St.Rv.:

Garðar Hilmarsson - formaður

Ragnhildur Helgadóttir - varaform.

Guðrjúður Sigurbjörnsdóttir ritari

Víglundur Rúnar Jónsson - gjaldkeri

Guðrún Árnadóttir

Hallgerður Inga Gestsdóttir

Ingveldur Jónsdóttir

Jón Ingi Hilmarsson

Jónas Engilbertsson

Þóra Sigurðardóttir

gardar@strv.bsrb.is

ragnhildur.helgadóttir@reykjavik.is

gudridur@borgarbokasafn.is

viglundur.runar.jonsson@or.is

gudrunarn@fel.rvk.is

hallgerdur.inga.gestsdottir@reykjavik.is

ingo@grundaskoli.is

jhilmars@landspitali.is

holaberg@talnet.is

thoras@rvk.is

verði úr yfirvinnu. Sem sagt, að þjónustan verði ekki minni, starfsmönnum eigi að fækka og þeir sem verði eftir eigi að nota minni tíma til þess að veita meiri þjónustu, það á sem sagt að leggja meira á starfsmenn sem verða eftir.

Það er óskhyggja að hægt sé að vinda starfsmenn endalaust, Það er ekki hægt að gera meira en að þurrvinda þá, það kemur ekki endlaust vökví. Það er einnig vitað að þegar menn ofþorna þá veldur það kulnun, þreytu og heilsuleysi,

sem minnka afköst, sem leiðir til verri þjónustu og þá erum við komin í hring.

Við viljum að borgin átti sig á þessu og geri raunhæfar kröfur til starfsmanna, geri raunhæfar áætlanir hvað hún getur gert og hvað hún getur ekki gert. Komi fram við starfsmenn af virðingu, virði kjarasamninga og skuldbindingar sínar við starfsmenn og geri sitt til þess að efla starfsandann. Þá er ég viss um að starfsmenn borgarinnar geti og muni koma fram sem

sigurvegarar og þá munu allir njóta. Við þetta má bæta að þessi áskorun og forsendur hennar eiga erindi til allra þeirra sem félagsmenn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar starfa hjá.

Að lokum sendi ég félagsmönnum og fjölskyldum þeirra bestu jóla- og nýárskveðjur og þakka samstarfið á líðandi ári.

*Með félagskveðju,
Garðar Hilmarsson formaður St.Rv.*

Kjarasamningar



Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og viðsemjendur þeirra kjarasamninga sem runnu út 31. október og 31. nóvember, gerðu með sér samkomulag um breytingu og framlengingu á kjarasamningum. Þetta voru Reykjavíkurborg, Launanevnd sveitarfélaga vegna starfsmanna Akraneskaupstaðar, Faxaflóahafnir sf og Strætó bs. Þegar þetta er ritað á eftir að gera kjarasamninga við LN vegna starfsmanna hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga og vegna

starfsmanna hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

Nú hafa verið greidd atkvæði um þá samninga sem þegar eru í höfn og þeir allir verið samþykktir af félagsmönnum.

Allir þessir kjarasamningar, eiga það sameiginlegt að gildistími er til 31. ágúst 2009, utan Faxaflóahafna sem eru með gildistíma til 31. mars 2011. Samninganevndir St.Rv. lögðu ríka áherslu á styttri gildistíma en viðsemjendur voru tilbúnir að

ganga að en eftir að Reykjavíkurborg og Launanevnd sveitarfélaga hafði lagt fram yfirlýsingu sem fylgir samningi þá féllst félagið á að semja til lengri tíma. En þar kemur fram að aðilar munu taka þátt í viðræðum um "þjóðarsáttarsamninga" og að ef um einhverjar kjarabætur verði að ræða muni þær koma til félagsmanna á sama tíma og annarra á vinnu- markaði.

Frá ýmist 1. nóvember eða 1. desember 2008 (fer eftir gildistíma






samninga) hækka allar tölur mán-
aðarlauna dagvinnu um 20.300 kr.
Persónuuppþót í desember verður
fyrir starfsmenn hjá Reykjavíkurborg,
Strætó bs. og Faxaflóahöfnum
sf. fyrir árið 2008 kr. 50.000,-. Í
kjarasamningum fyrir Akranes-
kaupstað er desemberuppþót tengd
inn í launatöflu. Orlofsuppþót á
árinu 2009 verður kr. 25.200.
Grein um veikindi barna yngri en
13 ára breyttist í þá veru að dögum
fjölgar sem annað foreldri eða
forsjáarmaður barns á rétt á að vera
frá vinnu á hverju almanaksári, eða
samtals 12 vinnudaga (96 vinnu-
skyldustundir miðað við fullt starf) í
stað 10 daga áður.

Iðgjald launagreiðanda í Fjölskyldu-
og styrktarsjóð hækkar úr 0,55% af
heildarlaunum í 0,75% af heildar-
launum. Breytingin tekur gildi 1.
janúar 2009.
Bókanir voru með misjöfnum hætti
eftir viðsejendum. Það helsta sem
var bókað í kjarasamningi við
Reykjavíkurborg er eftirfarandi.
Sameining Starfsmenntunarsjóðs og
Starfsþróunarsjóðs.
Um greiðslur Reykjavíkurborgar í
Endurhæfingarsjóð. Í bókun um
starfsmat er fjallað um úttekt á
kerfinu af óháðum aðila, um þróun
og faglegt sjálfstæði matsins, um
kynningu á kerfinu til stjórnenda,
trúnaðarmanna og starfsmanna

almennt, einnig um reglulegt
endurmat starfa.
Starfskjaranefnd setji sér verklags-
reglur þar sem m.a. skal kveðið á um
skoðun lægstu launa og
endurskoðun og röðun sumarstarfa
utan starfsmats.
Farið verði yfir fyrirkomulag sí- og
endurmenntunar, hvernig viðbótar-
menntun starfsmanna með fag- og
iðnmenntun skuli metin, fyrir-
komulag á námi meðfram starfi og
um skipan námskeiðsnefnda.
Bókanir 5, 6, 7 og 9 haldast
óbreyttar utan dagsetninga aðrar
bókanir í samningi falla niður.
Í kjarasamningi við Akraneskaupstað
(LN).

Í nýrri grein er fjallað um greiðslur
vegna ferðatíma með nemendum og/
eða skjólstæðinga á ferðalögum.
Bókanir fjalla um greiðslur
launagreiðanda í Endurhæfingarsjóð,
um starfsmat og þróun þess, bókun
um mannauðssjóð og endurskoðun
fyrirkomulags um starfsmenntun og
að lokum bókun um að
trúnaðarmenn eigi rétt á að sækja
trúnaðarmannaskóla BSRB án
skerðingar á öðrum rétti til þess að
sinna trúnaðarstörfum.
Bókanir úr samningi við Strætó bs
eru flestar sambærilegar við bókanir
hjá Reykjavíkurborg en eru að-
lagadar. Auk þess er bókun sem
fjallar um að fá fagaðila til þess að
greina eðli veikinda starfsmanna.



Góðar móttökur

Góðar móttökur á vinnustað eftir að hafa verið í samninganefnd
félagsins við Reykjavíkurborg hlýjaði heldur betur fulltrúum
félagsins þeim Önnu Árnadóttur og Jóni Bergvinsyni.
Þegar þau mættu í vinnu á mánudagsmorgni eftir að undirritun á
kjarasamningum var lokið. „Það mætti okkur bros frá
samstarfsmönnum sem óskuðu okkur til hamingju með
samninginn“ segir Anna og svo var boðið til kaffisamsætis á
vinnustaðnum þar sem þeim voru færð blóm og gjafir.
„Það var frábært að upplifa þessa jákvæðni og gefur manni mikið
eftir að vinna við samninga í langan tíma“ segir Anna.

Staða lífeyrissjóðanna



*Jón G. Kristjánsson,
framkvæmdastjóri*

Fréttabréfið leitaði til Jóns G. Kristjánssonar framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga og Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar til þess að spyrja um stöðu lífeyrissjóðanna eftir þær hremmingar sem átt hafa sér stað á fjármálamarkaðnum síðustu mánuði. Einnig spurðum við um hvort sjóðfélagar mættu eiga von á því að réttindi yrðu skert.

Jón vill í svörum sínum aðgreina sjóðina og svara spurningum mínum út frá hverjum sjóði/deild fyrir sig.

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar - LSRb (en honum var með lífeyrissjóðalögunum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum um mitt ár 1998).

Hann vill byrja á því að benda á að áunnin réttindi sjóðfélaga eru að fullu tryggð með bakábyrgð Reykjavíkurborgar og því hafi afkoma sjóðsins sem slík ekki áhrif á réttindin.

En Jón segir að langstærstur hluti eigna LsRb séu í verðtryggðum skuldabréfum með ríkisábyrgð eða um 82% en stærsti hluti þessara bréfa er til ársins 2034 og sum til 2044. Skuldabréf sem gefin eru út

af borgarstofnunum og lán til sjóðsfélaga nema um 11% eigna þannig að um 93% heildar eigna sjóðsins teljum við vera mjög örugg. Sjóðurinn átti mjög lítið af hlutabréfum eða aðeins 0.2% og það er tapað en engu að síður verður afkoma sjóðsins nokkuð góð á árinu 2008.

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga LSS

Í þeim lífeyrissjóði er hægt að velja um tvær leiðir í skyldulífeyrisparnaði.

Í A deild þar sem fólk fer sjálfkrafa ef það velur ekki sérstaklega V – deildina, sem fyrst og fremst ungt fólk hefur frekar farið í.

Jón segir að þeir sem séu í A deild þurfi ekki að hafa áhyggjur af afkomu deildarinnar þar sem réttindi þeirra séu tryggð og á ábyrgð launagreiðenda. Í því felst að fari tryggingafræðileg afkoma deildarinnar upp fyrir eða niður fyrir skilgreind vikmörk, sem eru nú samkv. lögum 10% þá þurfi að breyta mótframlagi launagreiðenda til lækkunar eða hækkunar eftir atvikum.

Í V deild er afkoma deildarinnar hins vegar á ábyrgð launamanns sem felur í sér hækkun eða lækkun á réttindum eftir atvikum. Nokkuð ljóst er að afkoma sjóðsins verður slæm fyrir líðandi ár og fari tryggingafræðilega staðan niður fyrir leyfileg vikmörk, sem eru eins og fyrr segir 10%. Hins vegar er rétt að nefna að nú er búið að leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um að hækka þetta viðmið upp í 15% í stað 10% tímabundið vegna ástands á fjármálamörkuðum.

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (LSS)

er með mun fjölbreyttara eignasafn heldur en LSRb. Hlutfall af eignum sjóðsins í innlendum hlutabréfum er tiltölulega lágt miðað við aðra lífeyrissjóði eða aðeins um 3%. Þessi eign er að mestu farin. Sjóðurinn á mest í skuldabréfum sem eru með ríkis-

ábyrgð en einnig á sjóðurinn talsvert af skuldabréfum íslenskra banka og lánastofnana sem og fyrirtækja. Það er ljóst að skuldabréf banka og lánastofnana verða að sæta verulegri niðurfærslu og eitthvað af skuldabréfum fyrirtækja tapast. Þá eru um 15% eigna sjóðsins bundin í veðskuldabréfum sjóðfélaga, um 10% er í sérhæfðum fjárfestingum eins og framtakssjóðum og um 17% í erlendum hlutabréfasjóðum. Mikil vinna er nú í gangi við að greina stöðuna en hún er ekki orðin ljós á þessari stundu.

Jón upplýsir mig um að 77% sjóðfélaga LSS séu í A deildinni og 23% í V deild.

Hvernig er staðan á séreignalífeyrisparnaði?

Jón segir að óháðir löggiltir endurskoðendur hafi verið fengnir til þess að endurmeta eignir sjóðsins.

Sjóðnum var lokað strax eftir fallið og greiðslur í séreignasparnað eru nú settar á bankareikning sem er að fullu tryggður og með háa vexti. Við biðum eftir upplýsingum um afkomuna. Þegar við fáum þær upplýsingar, sem ég á von á að fá fljótlega munum við senda sjóðfélögum bréf og einnig munum við setja upplýsingar á heimasíðu lífeyrissjóðsins.

Hvernig sérd þú framtíðina fyrir þér?

Við erum sannfærðir um að ávöxtun verður ekki góð á árinu 2009. Það má því búast við að hluti af skuldabréfum fyrirtækja þurfi einnig að færa niður á næsta ári.

Fréttabréfið þakkar Jóni fyrir greinagóð svör og óskar starfsmönnum lífeyrissjóðsins velfarnaðar í vandasömum verkefnum sem eru framundan.

J.Þ.

Stafganga - Alltaf gott veður í Laugardalnum



Stafgöngunámskeið sem haldin voru á vegum St.Rv. og SFR, nú í október tókust afar vel og var það að heyra á þátttakendum að þeir tóku undir orð Halldórs Hreins-sonar stafgöngukennara og göngufararstjóra, að alltaf væri gott veður í Laugardalnum, bara spurning um að drífa sig út að ganga. Stafgöngunámskeiðin hafa verið mjög vinsæl meðal

félagsmanna, enda hreyfing sem hentar flestum. Nú hvetjum við alla þá sem hafa lokið stafgöngunámskeiði og aðra áhugasama til að fjölmenna í Laugardalinn. Stofnaður var formlegur gönguhópur sem hittist tvisvar í mánuði til að byrja með, 2. og 4. hvern mánudag kl. 17.30 fyrir framan aðalinngang Skautahallarinnar. Sjáumst öll eftir áramótin.



STYRKARSJÓÐUR BSRB

Ráðgjöf

Sjóðfélagi sem hefur verið félagsmaður í 12 mánuði af síðustu 24 á rétt á styrk vegna meðferðar hjá eftirtöldum viðurkenndum meðferðaradílum: Félagsráðgjafa, fjölskyldu-ráðgjafa eða sálfræðingi. Greiddar eru 4.000 kr. í allt að 15 skipti á ári.



Örfá gjafabréf

Eigum eftir örfá Gjafabréf Iceland Express og hefur stjórn Orlofsnefndar St.Rv. ákveðið að bjóða þessa miða í opinni sölu til þeirra félagsmanna sem geta nýtt sér þá. Gjafabréfin eru til sölu á skrifstofu félagsins, til allra þeirra sem áhuga hafa án tillits til þess hvort þeir hafi áður fengið gjafabréf.

BSRB félagar

Nám er besta sóknin!

BSRB og NTV standa í sameiningu að Office tölvunámi fyrir félagsmenn. Námskeiðin eru greidd af starfsmenntasjóðum samkvæmt áunnum réttindum.

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur öðlist hagnýta þekkingu í tölvuvinnslu sem nýtist jafnt í starfi sem heima. Kenna á Office 2007 og þær breytingar sem orðið hafa á Office umhverfinu.

Námið byggir bæði á kennslu og verkefnum og er hagnýtur kostur fyrir þá sem vilja fá betri innsýn í notagildi PC tölvunnar og Office 2007.

Námskeiðin hefjast í janúar og hægt er að velja á milli mismunandi tíma.

Námsgreinar

- Ritvinnsla með Word 2007 (18 stundir)
- Töflureiknirinn Excel 2007 (12 stundir)
- Gerð kynningaefnis með PowerPoint 2007 (12 stundir)
- Outlook 2007 samskiptakerfið (6 stundir)

Allar nánari upplýsingar er að finna á BSRB.is



Fréttir af félagsstarfi St.Rv.



Líflegur fundur var haldinn í desember í Fulltrúaráði St.Rv. Gunnar Rúnar Matthíasson sjúkrahússprestur hélt mjög áhugavert erindi. Í lok fundar voru líflegar umræður um þjóðfélagsmálin og í framhaldi af henni var samþykkt eftirfarandi ályktun.

Ályktun

Fundur fulltrúaráðs Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar haldinn 11. des. 2008 fagnar nýgerðum kjarasamningum. Samningarnir voru gerðir við mjög erfiðar aðstæður og í raun aðeins til bráðabirgða. Fundurinn fagnar áformum um, að allir þeir aðilar, sem hafa með kaup og kjör almennings að gera, setjist saman að samningaborði undir merkjum þjóðarsáttar. Fundurinn hvetur til að í þeim samningum verði haft að leiðarljósi, að kjör almennings verði tryggð og honum færðir aftur þeir fjármunir, sem hafðir hafa verið af honum, komið verði í veg fyrir atvinnuleysi og menntakerfið, heilbrigðiskerfið og aðrir þættir velferðarkerfisins verði tryggðir og styrktir enn frekar.

Á fundi fulltrúaráðs í nóvember sl. voru eftirfarandi ályktanir samþykktar einróma og sendar viðeigandi aðilum.

Ályktun I

Fundur stjórnar og fulltrúaráðs Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, haldinn þriðjudaginn 11. nóvember 2008, skorar á Reykjavíkurborg að ganga hið allra fyrsta til samninga við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar eru í hópi þeirra sem ekki hefur verið gerður kjarasamningur við á þessu ári en nú þegar hafa verið gerðir kjarasamningar við stærsta hluta á vinnu- markaði.

Næg er óvissa starfsmanna við þær aðstæður sem ríkja í landinu þó ekki bætist við bið eftir að gengið verði frá samningum.

Við krefjumst þess að gengið verði frá kjarasamningum þannig að félagsmenn fái greidd laun eftir nýjum kjarasamningi frá 1. desember nk.

Ályktun II

Við þær aðstæður sem nú ríkja í íslensku samfélagi er mikilvægara en nokkru sinni að jafna kjörin í landinu og styrkja innviði samfélagsins. Tryggja þarf fulla atvinnu og efla alla grunnþjónustu. Óflugt velferðarkerfi gerir okkur kleift að

standa af okkur áföllin og með samstöðu og samheldni mun þjóðinni takast að vinna bug á erfiðleikunum. Forsenda samstöðunnar er hins vegar jöfnuður og félagslegt réttlæti. Kjarabilið hefur farið ört breikkandi, þar með talið kynbundið launamisrétti. Á því þarf að taka af festu.

Á liðnum árum hafa fjármálamenn og stjórnendur og eigendur fjármála- fyrirtækja skuldsett samfélagið á óabyrgan og siðlausan hátt og nýtt sér til þess þær aðstæður, sem stjórnvöld hafa skapað.

Fulltrúaráð St.Rv. hafnar því alfarið að almennt launafólk verði látið bera allan herkostnaðinn af óráðsú og brudli undanfarinna ára. Almennt launafólk ber ekki ábyrgð á þeirri kreppu sem nú dynur yfir og flestir, þ.á.m. félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, nutu í engu hins svokallaða góðæris í formi launaskriðs eða annarra beinna kjarabóta.

Fulltrúaráð St.Rv. krefst ítarlegrar rannsóknar sem leiði í ljós hverjir eru ábyrgir fyrir hruni efnahagslífsins. Þá þarf að leiða í ljós hvernig fjármunum þjóðarinnar hefur verið sóað.

Fræðslusetrið Starfsmennt fékk Starfsmenntaverðlaun



Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, Ární Stefán Jónsson formaður SFR, Kristín Völundardóttir sýslumaður á Ísafirði og Hulda Anna Arnljótsdóttir framkvæmdastjóri Starfsmenntar.

Fræðslusetrið Starfsmennt fékk Starfsmenntaverðlaun Starfsmenntaráðs í flokki skóla og fræðsluaðila vegna verkefnisins Járn síða sem unnið var í samvinnu við Sýslumannsembættið. Afhending verðlaunanna fór fram í október í BSRB húsinu. Samskip fékk verðlaunin í flokki fyrirtækja fyrir metnaðarfullt fræðslustarf. Engin verðlaun voru að þessu sinni veitt í opnum flokki félagasamtaka og einstaklinga.

Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands afhenti verðlaunin og fyrir hönd Starfsmenntar tóku við þeim Hulda Anna Arnljótsdóttir framkvæmdastjóri Starfsmenntar, Ární Stefán Jónsson formaður SFR og Kristín Völundardóttir sýslumaður á Ísafirði.

Menning á Grettisgötu

Þann 28. nóvember var haldið menningarsíðdegi í húsakynnum BSRB að Grettisgötu. Rithöfundarnir Guðrún Eva Mínervudóttir, Hallgrímur Helgason og Kristján Hreinsson lásu úr nýjustu verkum sínum. Alls mættu um 30 félagsmenn og var ekki betur séð en að allir skemmtu sér hið besta. Undirbúningur og umsjón var í höndum menningar- og skemmtinefndar félagsins. Óhætt er að segja að skáldverk rithöfundanna séu mjög ólík og hóf Guðrún Eva lesturinn úr bók sinni, Skaparanum þar sem hlustendur fengu innsýn í mjög dýran sílíkon-kynlífsdúkkheim

karlmannna, síðan tók Hallgrímur Helgason við og las úr bókinni 10 ráð til að hætta að drepa fólk og byrja að vaska upp, en þar segir frá manni að nafni Toxic, sem er króatískur leigumorðingi og villist til Íslands. Að síðustu las Kristján Hreinsson úr bók númer 6 um Afa ullarsokk og heitir Glæpafélagið Guli hanskin. Sögurnar um afa fjalla allar um prakkarastrik í hverfi strákans Badda og afa hans.

*Menningar- og skemmtinefnd.
Með menningarkveðju Halla*

Nám fyrir skólaliða, stuðningsfulltrúa og Félags- og tómstundastarfsmenn

Borgarholtsskóli býður upp á nám fyrir stuðningsfulltrúa og skólaliða. Einnig býður skólinn upp á Félags- og tómstundanám fyrir starfsmenn, sem vinna að tómstundum barna, unglinga og fullorðinna. Um er að ræða nám á svokallaðri brúar leið þar sem starfsreynsla og námskeið eru metin til styttingar á braut.

Inntökuskilyrði:

Að nemandi hafi náð 22 ára aldri.

Að nemandi hafi þriggja ára starfsreynslu.

Að nemandi hafi lokið starfstengdum námskeiðum á vegum vinnustaða, stéttarfélaga, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Um tvenns konar fyrirkomulag er að ræða:

Síðdegisnám:

Kennsla fer fram í Borgarholtsskóla mánudaga-fimmtudaga kl. 15:00-17:10.

Dreifnám:

Um er að ræða fjarnám með þremur staðbundnum lotum á önn. Námið fer fram á netinu þar sem nemendur skila verkefnum ásamt því að taka þátt í umræðutíma einu sinni í viku í hverju fagi klukkutíma í senn.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um námið á heimasíðu Borgarholtsskóla (www.bhs.is) og hjá Sigrúnu Sigurðardóttur kennslustjóra (sigruns@bhs.is) í síma 535-1700 og 694-4959.

Umsóknarfrestur fyrir vorönn 2009 rennur út 3. desember 2008. Umsóknnum skal skila til Borgarholtsskóla við Mosaveg 112 Reykjavík. Umsókn þarf að fylgja staðfesting vinnuveitenda á starfsaldri umsækjenda ásamt staðfestingu á að starfstengdum námskeiðum stéttarfélaga, vinnustaða, stéttarfélaga eða annarra sé lokið.

Einnig býður skólinn upp á Félags- og tómstundanám fyrir starfsmenn sem vinna að tómstundum barna, unglinga og fullorðinna. Um er að ræða nám á svokallaðri brúar leið þar sem starfsreynsla og námskeið eru metin til styttingar á braut.

Inntökuskilyrði:

Að nemandi hafi náð 22 ára aldri.

Að nemandi hafi þriggja ára starfsreynslu.

Að nemandi hafi lokið starfstengdum námskeiðum á vegum vinnustaða, stéttarfélaga, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Um tvenns konar fyrirkomulag er að ræða:

Síðdegisnám:

Kennsla fer fram í Borgarholtsskóla mánudaga-fimmtudaga kl. 15:00-17:10.

Dreifnám:

Um er að ræða fjarnám með þremur staðbundnum lotum á önn. Námið fer fram á netinu þar sem nemendur skila verkefnum ásamt því að taka þátt í umræðutíma einu sinni í viku í hverju fagi klukkutíma í senn.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um námið á heimasíðu Borgarholtsskóla (www.bhs.is) og hjá Sigrúnu Sigurðardóttur kennslustjóra (sigruns@bhs.is) í síma 535-1700 og 694-4959.

Umsóknarfrestur fyrir vorönn 2009 rennur út 3. desember 2008. Umsóknnum skal skila til Borgarholtsskóla við Mosaveg 112 Reykjavík. Umsókn þarf að fylgja staðfesting vinnuveitenda á starfsaldri umsækjenda ásamt staðfestingu á að starfstengdum námskeiðum stéttarfélaga, vinnustaða, stéttarfélaga eða annarra sé lokið.

Samningur um námskeið fyrir félagsmenn

Undirritaður hefur verið samningur á milli BSRB og Nýja tölvu- og viðskiptaskólann um afsláttarkjör fyrir BSRB félag og sérstök námskeið í Office 2007 tölvuforritum, sem er nýjasta uppfærsla af algengustu forritum fyrir PC-tölvur. Samninginn undirrituðu Kristín Á. Guðmundsdóttir formaður fræðslunefndar BSRB og Jón Vignir Karlsson skólastjóri NTV.

Í samningnum felst m.a. að NTV veitir félagsmönnum og starfsmönnum aðildarfélag og starfsmönnum BSRB 15% afslátt af öllum námskeiðum og námsbrautum sem NTV býður upp á. Ef NTV býður upp á önnur sérstök afsláttarkjör (t.d. fyrir þá sem skráðir eru

atvinnulausir hjá Vinnumiðlun) þá dragast þau afsláttarkjör frá þ.e.a.s. ekki geti orðið um samanlagðan afsátt að ræða.

Þá tekur NTV að sér að skipuleggja og halda 25 „Office 2007 námskeið“ samanber meðfylgjandi lýsingu á árinu 2009. Náist ekki að halda þessi 25 námskeið á árinu 2009 verða þau námskeið sem eftir eru haldin á vorönn 2010. Námskeiðin kosta 36.000 kr. á nemanda og eru öll námsgögn innifalin í því verði. Verð námskeiðsins verður uppfært 1. janúar 2010 miðað við verðlagsþróun.

Mann-níðingum sagt til syndanna

- Verkalýðsmál fyrir einni öld



Þann fyrsta desember sl. tók Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn í notkun nýja og glæsilega útgáfu af tímaritavef sínum, www.timarit.is. Þar má nálgast fjölda dagblaða og tímarita frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi og hafa þegar verið skannaðar inn um 2,2 milljónir blaðsíðna. Sjálfsgagt er að hvetja lesendur Fréttabréfsins til að kynna sér þetta metnaðarfulla verkefni.

Eitt þeirra blaða sem öðlast hefur „framhaldslíf“ á tímaritavefnum er Alþýðublaðið (eldra). Þar er ekki um að ræða dagblaðið sem var mál gagn Alþýðuflokksins frá 1919 til 1998, heldur blað sem ætlað var að vera mál gagn verkamanna og jafnaðarsinna á Íslandi. Það kom út í á annað ár 1906-07, en hafði talsverð áhrif með því að hvetja til stofnunar verkalýðsfélaga víða um land.

Meðal stofnenda og greinahöfunda þessa fyrsta verkalýðsblaðs landsins var Ágúst Jósefsson, sem varð tuttugu árum síðar stofnandi og fyrsti formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar.

Þegar í fyrsta tölublað Alþýðublaðsins ritaði Ágúst ákall um

stofnun verkamannafélags í Reykjavík. Þar segir: „Valdhafar og auðmenn eiga einkar hægt með að ná rjetti sínum í flestum tilfellum; og stundum gera þeir það líka með svo miklu ofurkappi og með svo mikilli frekju, að úr því verður hið svæsnasta ofríki, sem ótal saklausir mega beygja sig undir, vegna sinnar fátæktar og lífildmennsku. Hin eina vörn móti þessu er, að verkamenn myndi félag til stuðnings hver öðrum.“

Greinar um kjaramál alþýðunnar og mikilvægi þess að hún myndi samtök, svo sem verkalýðsfélög og pöntunarfélög, voru fyrirferðarmiklar í Alþýðublaðinu. En þar er einnig að finna annars konar efni. Áhugi á erlendum tækninýjungum var áberandi, þannig mátti lesa um jarðgangagerð í Sviss og gullgrafara í Ameríku á síðum blaðsins.

Framfaramál höfuðstaðarins voru greinarhöfundum einnig hugleikin. Þannig var stungið upp á því að rykbinda götur bæjarins að sumarlagi með því að dæla á þær sjó.

Meningarmálin voru jafnaðarsinnnum sömuleiðis ofarlega í huga fyrir rúmri öld. Þannig skrifaði Ágúst grein í maí 1906, þar sem hann gagnrýnir að söfn Reykjavíkur séu lokuð um helgar og þar af leiðandi lítt aðgengileg verkafólki. Í sama blaði gerðist hann svo herskár og vandaði forréttindastéttum samfélagsins ekki kveðjurnar: „Maurapúkar og mann-

níðingar vita það, að með vaxandi velmegun og menningu almúgans þróast hugsunin um gildi einstaklingsins og rétt hans í þjóðfélaginu. Þeirra mark og mið er að sporna við því, að almúginn öðlist þessi óðul, og þeir skoða það sem hóflausa heimtufrekju og ósvífni, ef verkamaðurinn krefst svo mikils fyrir starf sitt, að hann geti gengið sæmilega til fara og hafi nægilegt að borða og drekka. Þeir bryna fyrir mönnum, að þeir eigi að taka fátækt og volæði með kristilegri þolinmæði og auðsveipni við yfirboðara sína, og þá muni þeir af örlæti sínu bæta úr eynd þeirra eftir föngum.“ Óhætt er að segja að þessi hugvekja fyrsta formanns Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar sé í fullu gildi þótt 102 ár séu liðin.

Stefán Pálsson



Framvegis – miðstöð um símenntun býður upp á margvísleg námstilboð. Við hvetjum félagsmenn til þess að skoða nýja heimasíðu þeirra: framvegis.is

Social Forum

Guðríður Sigurbjörnsdóttir segir frá ráðstefnu



Dagana 17. – 21. september var ráðstefnan European Social Forum haldin í Málmei í Svíþjóð og fékk undirrituð styrk frá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar til að sækja ráðstefnuna.

European Social Forum er hluti af World Social Forum og var nú haldin í fimmta sinn og í fyrsta skiptið á Norðurlöndunum.

Ráðstefnan er vettvangur fyrir félagslegar hreyfingar af allri gerð og standa að henni og taka þátt ýmis félög, samtök og grasrótarhreyfingar. Meðal þátttakenda eru stéttarfélag, umhverfissamtök, kvannahreyfingar, friðarsamtök, mannréttindasamtök, ungliðahreyfingar og svo mætti áfram telja.

Markmið ráðstefnunnar er að kynna og segja frá hinum margvíslegustu baráttumálum, deila reynslu, baráttuáferðum, ósigrum og árangri,

skiptast á skoðunum og ekki síst að ákveða næstu skref.

Á heimasíðu ráðstefnunnar <http://www.esf2008.org> má sjá hvaða hreyfingar tóku þátt og kynna sér niðurstöður, samþykktir og hugmyndir um áframhaldandi aðgerðir.

Þessa fimm daga sem ráðstefnan stóð var daglega boðið upp á tugi fyrirlestra og vinnustofur. Efni þeirra var skipt í eftirfarandi þemu:

Félagsleg þátttaka og réttindi, velferð, almenningsþjónusta og sam-eiginlegir hagsmunir.

Sjálfbær heimur, óskorað vald yfir matvælum, jafnrétti í umhverfis- og loftlagsmálum.

Lýðræði, jafnrétti, frelsi og réttindi minnihlutahópa.

Jafnrétti, viðurkenning á fjölbreytileika, andstaða við mismunun, femínismi.

Uppbygging réttlætis og friðar í Evrópu og andstaða við stríð, hervæðingu og hersetu.

Réttlát vinnulöggjöf og barátta gegn arðráni.

Efnahagslegt réttlæti byggt á þörfum og réttindum fólks.

Aðgengi allra að þekkingu, menningu, menntun og upplýsingum.

Réttindi flóttamanna og andstaða



við kynþáttafordóma.

Félagslegar hreyfingar, staða og framtíð hnattrænna hreyfinga.

Auk fyrirlestranna var boðið upp á fjöldan allan af menningarlegum viðburðum, tónlist, leiklist, bókmenntir, barnamenningu, kvikmyndir, listsýningar og fleira.

Það var erfitt að velja úr þessari viðamiklu dagskrá, svo margt áhugavert var í boði, en undirrituð sótti m.a. fund um baráttuna gegn einkavæðingu almannaþjónustu, um aðra möguleika í efnahagsstjórn en nýfrjálsbyggju, um baráttu kvenna fyrir betri Evrópu og betri heimi, um áhrif hefða og trúar á réttindi kvenna, um rétt barna til að njóta menntunar án íhlutunar kirkjunnar auk þess að reka nefið inn á fjölmarga aðra fundi og fyrirlestra. Fundirnir voru í senn mjög fræðandi og áhugaverðir og var það eftirtektarvert hversu virkir þátttakendur voru og viljugir til að taka þátt í umræðum.





Hápunktur ráðstefnunnar var svo fjögurra tíma kröfuganga um götur Málmeyjar laugardaginn 20. september. Í henni sameinuðust baráttumál – og andi hinna fjölmörgu félagasamtaka, hreyfinga og einstaklinga sem tóku þátt í ráðstefnunni. Gangan endaði í almenningsgarði þar sem haldnar voru ræður og boðið upp á skemmti- og tónlistaratriði. Samkvæmt fjölmíðlum voru um 15.000 manns í göngunni.

Svona stór ráðstefna, en um 13.000 manns sóttu hana, krefst óhemju skipulagningar og má segja að þeim hafi tekist ágætlega upp í Málmey, sérstaklega þegar á leið. Fjölmargir sjálfbóðaliðar voru að störfum allan tímann og til að gefa hugmynd um hversu fjölmennur sá hópur var, þá voru einungis þeir sem túlkuðu fyrirlestrana um 400 talsins.

Í heild var ráðstefnan mikil upplifun og lífsreynsla. Það var afskaplega ánægjulegt að finna, ekki síst í ljósi núverandi ástands, að fólki stendur ekki á sama, ber hag fjöldans fyrir brjósti, er tilbúið að leggja heilmikið á sig fyrir bættan heim og hefur trú á því að með samtakamætti sé mögulegt að gera breytingar og stuðla að annarri og betri veröld. Margir ferðast langar leiðir til að taka þátt, ég spjallaði m.a. við konu frá Kanada og aðra frá Suður-Afríku.

Næst verður European Social Forum haldið í Istanbúl árið 2010 en World Social Forum verður í Belem í Brasilíu á næsta ári.

Guðríður Sigurbjörnsdóttir.



Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar er stéttarfélag

Félagsmenn geta fengið aðstoð og upplýsingar á skrifstofu félagsins um:

- Laun
- Réttindi á vinnustað
- Styrki til menntunar
- Leigu orlofshúsa
- Styrki vegna slysa, veikinda og heilsuefingar
- Fæðingarstyrk
- Námskeið og fyrirlestra
- Réttindi í lífeyrissjóði
- Fréttabréf

Grettisgötu 89, 3. hæð, Sími 525-8330 – Símbref 525-8339

Útibú Akranes: Suðurgötu 62, sími 525-8338 / 431-3133

strv@bsrb.is - www.strv.is

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar – Reykjavik's municipal employees' association – is a labor union.

In the association's office, members can get assistance and information about:

- Wages
- Rights in workplace
- Education grants
- Rent of holiday houses
- Grants due to accidents, illnesses or other health matters
- Maternity grant
- Courses and lectures
- Rights in pension funds
- Newsletters

Grettisgata 89, 3. floor, tel. 525-8330 – fax 525-8339

Branch in Akranes: Suðurgata 62, tel. 525-8338 / 431-3133

strv@bsrb.is - www.strv.is

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar – Stowarzyszenie pracowników miasta Reykjavik – jest związkiem zawodowym

W biurze stowarzyszenia członkowie mogą uzyskać pomoc i informacje na temat:

- Wynagrodzenia
- Praw w miejscu pracy
- Zapomogi na cele edukacyjne
- Wypożyczenia domków urlopowych
- Zapomogi na skutek wypadków, chorób i innych spraw zdrowotnych
- Zasiłku macierzyńskiego
- Kursów i wykładów
- Praw w funduszach emerytalnych
- Biuletynów

Grettisgata 89, 3. piętro, tel. 525-8330 – faks 525-8339

Filia w Akranes: Suðurgata 62, tel. 525-8338 / 431-3133

strv@bsrb.is - www.strv.is

Gott í gogginn yfir hátíðar

Margrét Einarsdóttir á Framkvæmdasviði



Rækjuhringur með ristudu brauði

500 g rækjur
200 g majones
1 dós sýrður rjómi
5 dl heitt vatn

2 pk Aspic lys buljong
5 mskt Sweet relish – einnig má nota kapers ef vill (ég hef ekki gert það – mér finnst kapers svo vont)

Aðferð:

Byrja á að hita vatnið og leysa upp Aspic í því – það verður tært þegar það er leyst upp.
Majonesi og sýrðum rjóma blandað saman og Sweet relish og rækjum síðan bætt útí. Síðast kemur svo vatnið með Aspicinu. Öllu hellt í form og látið stífna í ísskáp. Ég bý þetta til deginum áður.

Sósa:

Majones – þeyttur rjómi – sykur (ég nota reyndar Maple sýróp) – sítrónusafi. Svipað magn af majonesi og rjóma.

Ég hef engin hlutföll – blanda þessu bara saman og smakka þar til ég er

ánægð.

Heimabakaða brauðið hennar Möggu

Þessi uppskrift hefur fylgt fjölskyldunni minni í margar kynslóðir.

5 stórir bollar hveiti
1/2 bolli sykurl
5 kúfaðar tsk. lyftiduft.
1 tsk. salt
1 egg (má sleppa)
AB mjólk og/eða mjólk þar til þurrefnin rétt haldast saman, þá verður það mun léttara í sér.
Bakað í rúman klukkutíma í blástursofni en um einn og hálfan í hinum hefðbundna ofni á 120 - 130 °
Toppurinn á jóladagsmorgun með súkkulaðiþollanum.
Gleðileg jól.

Gangi ykkur vel og verði ykkur að góðu.



Jólaball

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og SFR

stéttarfélag í almannajónustu halda sameiginlegt jólaball

Þriðjudaginn 30. desember kl. 16:00 í Súlnasal Hótel Sögu.

Hljómsveit sér um að halda uppi fjörinu með dansi í kring um jólatréð.

Jólasveinar koma í heimsókn. Nánari upplýsingar um miðasölu verða á www.strv.is í desember og á skrifstofu félagsins s. 525-8333

BSRB heldur glæsilega opna fundi

BSRB hefur verið með vikulega fundi frá 5. nóvember sl. Fundirnir hafa fjallað um ýmis aðkallandi mál sem hafa komið upp á síðustu vikum í kjölfar hruns efnahagskerfisins. Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri BSRB hefur stýrt öllum fundunum. Fundirnir hafa verið mjög fjölsóttir og umræður hafa verið áhugaverðar og fróðlegar. Fundirnir eru haldnir í fundarsal á 1. hæð að Grettisgötu 89.

Á fyrsta fundi var fjallað um stöðu skuldara og úrræði sem ákveðið hefur verið að grípa til vegna stöðugt hækkandi lána vegna efnahagskreppunnar. Fulltrúar stofnana sem voru með stutt erindi á fyrst fundinum voru Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri í Félagsmálaráðuneytinu, Haukur Hafsteinsson frá Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna, Ásta S. Helgsdóttir frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og Svanhildur Guðmundsdóttir frá Íbúðalánasjóði.

Á næsta fundi var fjallað um hvernig Færeyingar og Finnar brugðust við efnahagsþrengingum á borð við þær sem Íslendingar upplifa nú. Framsögu höfðu Gunvör Balle sendiherra Færeyja á Íslandi og Sigurbjörg Árnadóttir framkvæmdastjóri.

Næst var fjallað um kosti og galla verðtryggingar en sá fundur var vel sóttur og sköpuðu erindi Ingólfs H. Ingólfssonar félagsfræðings og Péturs H. Blöndal alþingismanns líflegar umræður.

Ingólfur lagði til að á meðan verðbólgakúfurinn gengi yfir yrðu verðbætur frýstar við 4% og þegar jafnvægi væri náð og verðbólga komin niður í 2,5% yrði lánum sem áður voru með verðbótum breytt í lán með breytilegum vöxtum. Pétur benti hins vegar á að afnám verðtryggingarinnar myndi bitna t.d. á lífeyrissjóðunum og þar af leiðandi á lífeyrisgreiðslum til sjóðfélaga. Eftir erindin voru fjölmargar fyrirspurnir úr sal.

Hvað gerir bankinn fyrir þig? var yfirskrift fjórða fundar í þessari röð funda á vegum BSRB. Á fundinum kynntu fulltrúar viðskiptabankanna úrræði sem þeir bjóða viðskiptavinum sínum upp á til að mæta áföllum heimilanna vegna efnahagsástandsins.

Framsögu höfðu Helgi Bragason frá Kaupþingi, Una Steinsdóttir frá Glitni, Anna Bjarney Sigurðardóttir frá Landsbanka og Atli Örn Jónsson frá Byr.

Yfirskrift fundarins í byrjun desember var Framtíðin - með eða án krónu. Framsögu höfðu

Gylfi Zoëga prófessor við Háskóla Íslands og Jón Þór Sturluson aðstoðarmaður viðskiptaráðherra.

Á fundinum var fjallað um framtíðarþróun efnahagsmála á Íslandi. Hvert stefnir og hversu löng verður kreppan?

BSRB varar við einhliða launalækkunum og vill endurskoðun vísitölugrunns lána

Á framhaldsaðalfundi BSRB var varað við einhliða launalækkunum og vilja lýst til þess að vísitölugrunnur lána verði endurskoðaður. Þetta kemur fram í tveimur ályktunum frá fundinum sem var haldinn 8. desember sl. Ályktanirnar fara hér á eftir:

BSRB VARAR VIÐ EINHLIÐA LAUNALÆKKUNUM

Á ýmsum vinnustöðum, þar með talið stofnunum ríkis og sveitarfélaga, hefur verið um það rætt að lækka laun og skerða kjör til að mæta þverrandi tekjum. BSRB er fylgjandi kjarajöfnun ekki síst þegar sverfur að fjárhag fyrirtækja og stofnana. En að sama skapi er alvarlega varað við einhliða ákvörðunum stjórnenda fyrirtækja og stofnana hvað þetta snertir. Engar almennar ákvarðanir hvað varðar breytingar á kjörum starfsfólks, þar með talið starfshlutfall, á að taka án

vitundar og samráðs við starfsfólk og stéttarfélag þess. BSRB leggur ríka áherslu á að ólöglegt er að skerða kjarasambundin kjör starfsmanna.

Ráðstafanir stjórnvalda beinast enn sem komið er meira og minna að því að koma byrðunum yfir á almennt launafólk og fráleitt að réttlæta launalækkun og frekari skerðingar á þess kostnað. Þegar hefur almennt launafólk orðið fyrir verulegri kjaraskerðingu af völdum fjármála-hrunsins.

Enn bólar ekki á neinum ráðstöfunum til að bæta kjör þeirra sem minnst hafa og verst þola áföllin. Þvert á móti hefur verið boðaður niðurskurður í velferðarkerfinu og er hans þegar farið að gæta. Á tímum samdráttar og erfiðleika á að efla velferðarþjónustuna en ekki veikja hana enda er hún í senn öryggisnet og til þess fallin að jafna aðstöðu fólks.

BSRB VILL ENDURSKOÐA VÍSITÖLUGRUNN LÁNA

Háir vextir og óðaverðbólga ógna nú fjárhagslegu öryggi margra fjölskyldna. Vaxtabyrðarnar þyngjast með snarhækkandi verðbólgu.

Þegar kaupmáttur fer þverrandi í ofanálag er þess skammt að biða að fjöldi fólks geti ekki staðið í skilum og áhvílandi lán á íbúðarhúsnæð iverði langt umfram mögulegt söluverð. Mikil verðbólga á næstu mánuðum gæti skipt sköpum fyrir margar fjölskyldur. Við þessar aðstæður er brýnt að gripið verði nú þegar til róttækra ráðstafana. Þar skiptir höfuðmáli að létta skuldaklyfjarnar. Í því sambandi þarf að taka verðtryggingu íbúðalána til endurskoðunar enda byggir hún á þriggja ára gömlu neykluslymynstri sem engan veginn endurspeglar gjörbreyttar aðstæður í dag.

	SMALTI SIGTI KÖGUN			OTTI LESANDI ABSTÖÐ	EKKI TÍSYKA	SPJÓT DRÖPI	IMYND- LÍN BÓGI
		LJÓM- ANDI KVABBA					
	ÞREGLA FRÓÐA SNJÓÐA		1			KOPAR LÖMUN	
					MARRI NÍBLIR		
PRJÓT- URINN BELTI	↓	ÞAKSTIÐ BORÐAR LASTAR			ORSAK- AÐI BJALKI		BLAÐ
				STYRKI VANGI			BJÖR AKÓFI
ORIN		3	EKRUR GETNAÐ ARLIMUR			SALIA- SKINN SNARANA	
NÓLDAR BRAK EYÐA				ÓTULA DÝLISSA			Y
			7		VEIDAR- FERI FÉDDI	2	FÍN- GERÐI
		NABB- INN			HÖTUN KIND FÁTEK		BÓK V SVIK
SNEMMA	↓	SORG SPÍRI			SPÝJAN EIRA		ÞEGAR ÞRAS- INN
HROSS- HÚÐ SLEIPAN		GRENJA HINDRI			4 MEN FRÓST- SKEMMI		
				TUNGU- MÁL GLIÐNAR			
EYRI KEYRÐI				RÁÐ- GERA RANÐGUR		BORGUN RUDDI	Y
		ÚRGANGS- FISKUR FJÖLLIN		5 GÓMIL ÞRÁ- BEIÐNI			NAG- DYRIÐ
YFIR- GANGN- LIM					ÓLMIR ÓSKERT		SKJÁLFA
OLVERÐA DÖNUP FÉÐUR				SKELIN HROSSA- SKITUR		GAGN TRÝNI	
		KIEPLI ÓHREINKA			SLUTAÐI MATAR- ÍLAT		
				YFIR- STETT ÖFN		STAKT STING	
KJANAR LÓSHEGG SÍÐINN			ÖSLAÐI	ÞRIK		8 RYK- KORN	
				6 ÞAPJAN			
					SLOTA		

Dregið verður úr réttum lausnum til verðlauna.
 Verðlaunin eru val á milli 7.000 kr. greiðslu eða helgardvöl í orlofshúsum félagsins frá 15. september – 1. maí að undanskildum páskum, jólum og áramótum.
 Við skorum á félagsmenn að taka þátt – síðasti móttökudagur á lausnum er 15. janúar 2009.
 Lausnarorð má senda í tölvupósti strv@bsrb.is